

Flokkur: Fæðubótarefni, náttúruvörur	Gjald í kr.
Umsókn um faglegt mat á skaðlegum eiginleikum (skaðleysi)	6.000

Flokkur: Klínískar lyfjaprófanir o.fl.	Gjald í kr.
Klínísk lyfjaprófun	34.500
Klínísk frásogsprófun	17.500
Umtalsverð breyting á lyfjaprófun	10.000

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. maí 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

TILKYNNING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verði sem hér segir frá og með 1. júní 2003 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,40 kr. á lítra
gasolía	0,66 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,00 kr. á kg
flugvélabensín	0,75 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 20. maí 2003.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.